

Forsætisráðuneytið
Sent á samráðsgátt stjórnvalda

Reykjavík, 9. febrúar 2021
Tilvísun: 202102008 / 1.5.3

Efni: Umsögn um áform um lagasetningu – endurskoðun laga um landamerki o.fl.

Vísað er til kynningar forsætisráðuneytisins í samráðsgátt stjórnvalda 29. janúar sl. (mál nr. 28/2021) á áformum um endurskoðun laga um landamerki o.fl.

Skipulagsstofnun styður áform um einföldun og samræmingu skráningar og ferla við afmörkun fasteigna innan og utan þéttbýlis og telur þá leið sem lögð er til skynsamlega. Eins og fram kemur í áformaskjalinu hafa 47. og 48. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að geyma ákvæði um skráningu jarða, landa og lóða, sem breyta þarf samhliða fyrirhuguðum breytingum á lögum nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna. Skipulagsstofnun er reiðubúin til samráðs og samvinnu um slíkar breytingar.



Ásdís Hlökk Theodórsdóttir
forstjóri